

Alþingi

Erindi nr. Þ 113/1518

komudagur 412 1991

**SAMBAND ÍSLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA**

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
☎ 354-(9)1-83711, telefax 354-1-687866  
207/1991 ÞS/AT



Reykjavík, 29. janúar 1991

**Frumvarp til laga um listamannalaun**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 25. janúar 1991 var tekið til afgreiðslu erindi menntamála- nefndar neðri deildar Alþingis frá 29. nóv. 1991, þar sem leitað er umsagnar um frv. til laga um listamannalaun.

Stjórnin gerði eftirfarandi samþykkt um málið á fundinum:

"Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mælir með samþykkt frumvarps til laga um listamannalaun og telur eðlilegt, að listamannalaun séu greidd úr ríkissjóði og fé veitt árlega af fjárlögum í því skyni.

Að óbreyttum tekjustofnum er ljóst, að minni sveitarfélög hafa ekki bolmagn til stuðnings við listamenn í formi starfslauna.

Stuðningur þeirra gæti aftur á móti verið með þeim hætti, að íbúðarhúsnæði í eigu eða umsjón viðkomandi sveitarfélags verði til ráðstöfunar fyrir listamenn án endurgjalds um lengri eða skemmri tíma svo sem aðstæður leyfa.

Hvað stærri sveitarfélög varðar, eru nú þegar fordæmi fyrir veitingu starfsstyrkja til listamanna, og er það vel.

Þá er eðlilegt, að framlög fyrirtækja og einstaklinga til listasjóðs verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts.

Þar sem 3ja manna stjórn listamannalauna er ætlað það hlutverk að hafa yfirumsjón með sjóðum skv. 3. gr. frumvarpsins, þ.e. launasjóði rithöfunda, launasjóði myndlistarmanna, tónskáldasjóði ásamt listasjóði, leggur stjórn sambandsins áherslu á, að við skipan úthlutunar- nefndar sérsjóðanna sé þess gætt að hafa fullt samráð við Rithöfundasamband Íslands, Samband ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

*Þórunn Skúlason*

Þórunn Skúlason, framkvæmdastj.

Til allra  
sveitarfélaga